

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



F I S K I S T O F A

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Hafnarfjörður, 22.02.2013

Efni: Umsögn

Vísað er til bréfs atvinnuveganefndar Alþingis dags. 13. febrúar 2013 þar sem Fiskistofu var gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, þingskjal 968 - 570. mál. Eftirfarandi eru athugasemdir sem Fiskistofa vill koma á framfæri við frumvarpið. Í athugasemdum er vísað til viðeigandi greina í frumvarpinu.

5. gr. Veiðileyfi

Í 1. og 2. mgr. er fjallað um almenn veiðileyfi. Þar segir að enginn megi stunda veiðar í atvinnuskyni nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Þar kemur enn fremur fram að almenn veiðileyfi eru tvenns konar, þ.e. veiðileyfi með aflamarki og veiðileyfi með krókaafلامarki.

Fiskistofa vekur athygli á að auk veiðileyfa með aflamarki og krókaafلامarki gerir frumvarpið ráð fyrir að gefin verði út sérstök leyfi til strandveiða og frístundaveiða. Frumvarpið gerir jafnframt ráð fyrir að almennt veiðileyfi verði óvirkt á þeim tíma sem strandveiði- og frístundaveiðileyfi gilda, en veiðarnar hljóta þó að teljast til veiða í atvinnuskyni eðli málsins samkvæmt. Að mati Fiskistofu gengur það tæpast upp að skylda skip sem stundar veiðar í atvinnuskyni til að hafa almennt veiðileyfi og samhliða því kveða á um að útgáfa leyfa til umræddra veiða felli leyfin úr gildi. Stofnunin er hins vegar sammála því að nauðsynlegt er að fella almenna veiðileyfið niður á meðan skip er með leyfi til strandveiða eða eftir atvikum til frístundaveiða. Fiskistofa leggur því til að 5. gr. kveði á um að veiðar í atvinnuskyni séu háðar því skilyrði að skip hafi almennt veiðileyfi (aflamark eða krókaafلامark), leyfi til strandveiða eða leyfi til frístundaveiða.

8. gr. Úthlutun

Í 2. mgr. segir: „...sem nemur meira en 240.000 lestum skal 50% þess aflamarks sem umfram er...“. Hér er væntanlega átt við aflamagn en ekki aflamark þar sem aflamagn er miðað óslægðan afla en aflamarki er hins vegar úthlutað slægðu í öllum helstu tegundum.

12. gr. Framsal hlutdeilda

Samkvæmt 3. mgr. takmarkast heimild til framsals við það magn í þorskígildum talið sem var skráð á viðkomandi nýtingarleyfi í þorskígildum talið við upphaf fiskveiðiársins 2013/2014. Það þýðir að aðilar sem ekki hafa yfir að ráða hlutdeildum á þeim tíma munu aldrei uppfylla

skilyrði um framsalsheimild, auk þess sem hlutdeildarhafar sem bæta við hlutdeildir sínar eftir upphaf fiskveiðiársins 2013/2014 munu ekki geta framselt allar sínar hlutdeildir.

13. gr. og 21. gr. Forgangsréttur/byggðarlag/sveitarfélag

Í 1. mgr. 13. gr. er fjallað um forgangsrétt ráðherra við flutning aflahlutdeilda frá „viðkomandi byggðarlagi eða sveitarfélagi“ án þess þó að fram komi hvort átt er við byggðarlag eða sveitarfélag þar sem skip á heimahöfn eða hvort miðað er við lögheimili eiganda. Nauðsynlegt er að fyrir liggi með skýrum hætti til hvað byggðarlags/sveitarfélags aflahlutdeildir teljist.

Þá er gert ráð fyrir að Fiskistofa haldi sérstaklega utan um samanlagða aflahlutdeild skipa á tilteknu svæði og er því nauðsynlegt að fyrir liggi í upphafi um hvaða svæði ræðir hverju sinni. Þar sem í ákvæðinu er kveðið á um byggðarlag eða sveitarfélag er fyrirsjáanlegt að vandkvæði geta komið upp við afmörkun á því til hvaða byggðarlaga 20% reglan tekur enda geta mörg byggðarlög verið í sveitarfélagi. Ekki kemur fram hvað á að ráða hverju sinni hvort miða skuli við byggðarlag eða sveitarfélag en Fiskistofa getur tæplega skorið þar úr um án frekari leiðbeininga.

Þá eru ólíkar leiðir farnar við að skilgreina byggðarlög og sveitarfélög eftir því hvort um er að ræða ráðstöfun aflahlutdeilda þegar ráðherra hefur nýtt forgangsrétt sinn eða þegar kemur að úthlutun byggðakvóta. Annars vegar gerir 4. mgr. 13. gr. ráð fyrir að farið sé að skilgreiningu Hagstofu Íslands en hins vegar er í ákvæði 21. gr. um byggðakvóta gert ráð fyrir að ráðherra kveði á um skilgreiningu byggðarlags

15. gr. Flutningur aflamarks

Í 1. og 2. tl. 2. mgr. segir að Fiskistofa skuli leyfa sölu aflamarks á kvótapiingi ef það nemur minna en 12,5% úthlutaðs aflamarks skipsins í upphafi fiskveiðiárs eða minna en þriðjungi af aflamarki sem nýtt hefur verið til veiða. Fiskistofu sýnist það ekki hafið yfir allan vafa hvort átt er við summu yfir allt fiskveiðiárið eða hvort átt er við hvert skipti sem óskað er eftir flutningi.

Í 2. málslið 2. tl. 2. mgr. segir: „Heimilt er að víkja frá þessu vegna varanlegra breytinga á skipakosti útgerða eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjóttjóns.“ Líkt og ákvæðinu er stillt upp tekur undanþágan einungis til 2. tl. en ekki 1. tl. Efnislega virðist eðlilegt að láta undanþáguna standa sjálfstætt en sé ekki í beinum tengslum einstakan tölulið.

16. gr. Krókaaflamarksbátar

Í greininni segir að ráðherra sé heimilt að veita krókaaflamarksskipum leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum. Ekki er gert ráð fyrir að ráðherra geti veitt þeim undanþágu til hrognkelsaveiða í net

VI. kafli. Flokkur 2

Í kaflanum er fjallað um flokk 2, aðra aflahlutdeild, og ráðstöfun aflahlutdeildar og aflamarks sem undir 2. flokk falla. Ekki er sérstaklega kveðið á um framsalstakmarkanir sem lúta að umræddum heimildum. Leiða má að því líkur að í kjölfar útgáfu nýtingarsamninga, sbr. 2. mgr. 18. gr. þar sem kveðið er á um heimilt sé að ráðstafa aflahlutdeildum sem ríkið hefur yfir að ráða til að stuðla að nýliðun, eigi framsalsreglur 12. gr. að gilda. Í 2. mgr. segir enn fremur að ráðherra geti bundið nýtingu aflahlutdeildar nánari skilyrðum m.a. um forkaupsrétt

við endursölu. Ef meiningin er sú að um framsalstakmarkanir fari samkvæmt 12. gr. virðist það stangast á við ákvæði 12. gr. þar sem segir að framsal aflahlutdeilda takmarkist við það magn sem skráð var í nýtingarleyfi í þorskígildum talið við upphaf fiskveiðiársins 2013/2014.

Í 1. mgr. 12. er hins vegar tilvísun í 1. mgr. 11. gr. sem mælir gegn því að framsalstakmarkanir 12. gr. geti átt við um úthlutun aflahlutdeilda á grundvelli 18. gr. Ef það er niðurstaðan eru það einungis skilyrði sem bundin verða nýtingu umræddra hlutdeilda sem hefðu þar áhrif, sbr. niðurlag 2. mgr. 18. gr.

Að sama skapi er ekki kveðið sérstaklega á um takmörkun á framsali aflamarks sem aðili hefur fengið í gegnum kvótapiing né heldur úthlutuðum byggðakvóta

Í þessu sambandi vill Fiskistofa vekja athygli á að aflaskráningarkerfi stofnunarinnar gerir einungis ráð fyrir einni gerð aflahlutdeilda og einni gerð aflamarks og breytingar hvað þetta varðar eru fyrirsjáanlega mjög umfangsmiklar.

20. gr. Strandveiðar

Í 2. mgr. segir að öðlist skip leyfi til strandveiða er óheimilt að nýta aflamark eða krókaafلامark á skipinu það sem eftir lifir fiskveiðiárs. Með hugtakinu „nýta“ getur annars vegar verið vísað til veiða og hins vegar framsals aflamarks. Með hliðsjón af 3. mgr. vekur Fiskistofa máls á því hvort heppilegra sé að segja í 2. ml. 2. mgr: ...óheimilt að nýta aflamark til veiða....

Samkvæmt 4. mgr. er gert ráð fyrir að Fiskistofa stöðvi veiðar þegar leyfilegum heildarafla tímabils á viðkomandi svæði hefur verið náð. Annars vegar er nauðsynlegt að kveðið sé á um með hvaða hætti veiðar skuli stöðvaðar. Hins vegar þarf það að vera ljóst, þegar um er að ræða tvær tegundir, hvort miða skuli við að leyfilegum heildarafla í þorski eða ufsa sé náð. Enn einn möguleikinn væri að miða við að leyfilegum heildarafla í báðum tegundum hafi verið náð, en í því tilviki er hætta á að önnur tegundin verði veidd umfram heildaraflaviðmiðun. Í dag er viðmiðunin slægður botnfiskur þannig að þetta vandamál er ekki til staðar.

Í lokamálslið 20. gr. segir: „Enginn eigenda lögaðila sem á bát með strandveiðileyfi getur átt aðild að nema einu strandveiðileyfi.“ Í framkvæmd er ómögulegt að ganga úr skugga um að skilyrði þetta sé uppfyllt.

24. gr. Sjóstangaveiðar - frístundaveiðar

Ekki kemur fram í greininni hvernig standa eigi að innheimtu gjalds fyrir aflamark sem úthlutað er til stangveiðimóta né heldur hvert það gjald eigi að renna

Í 2. mgr. er fjallað um heimild til að ráðstafa aflamarki til frístundaveiðibáta. Ekki virðist gert ráð fyrir því að aflamarki þessu sé ráðstafað gegn gjaldi líkt og nú er

Í 3. mgr. segir: „Skip sem hafa leyfi til frístundaveiða skv. 2. mgr. skulu tilkynna Fiskistofu með viku fyrirvara um upphaf og lok tímabils sem skipinu er haldið til veiða í atvinnuskyni.“ Hér virðist gengið út frá því að skip sem hafa leyfi til frístundaveiða hafi almennt veiðileyfi samkvæmt 5. gr. Í framkvæmd er það svo að frístundaveiðiskip eru flest skráð sem slík á skipaskrá Siglingastofnunar og mörg þeirra stunda aldrei aðrar veiðar en frístundaveiðar. Til þessa hafa þeir bátar einungis haft leyfi til frístundaveiða enda ekki verið talin sérstök rök

fyrir því að skylda aðila til að hafa leyfi sem þeir mega ekki nýta á sama tíma og frístundaveiðar eru stundaðar. Hins vegar eru nokkur tilvik þar sem bátar sem stunda hefðbundnar veiðar í atvinnuskyni stunda ferðapjónustu nokkrar vikur á ári og eru þess vegna einnig með leyfi til frístundaveiða. Í þeim tilvikum er mikilvægt að Fiskistofa hafi upplýsingar um í hvoru kerfinu viðkomandi bátur er á hverju tíma. Með vísan til þess leggur Fiskistofa til að umræddur málsliður orðist svo: „Frístundaveiðiskip, sbr. 2. tl. 2. mgr., sem jafnframt hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni með aflamarki eða krókaafلامarki skulu tilkynna Fiskistofu með viku fyrirvara um upphaf og lok tímabils sem skipinu er haldið til veiða samkvæmt því leyfi.“

26. gr. Flutningur aflamarks milli ára

Vakin er athygli á því að úthafsækja er ekki bundin takmörkun á leyfilegum heildarafla

27. gr. VS afli

Lokamálsgreinin hljóðar svo: „Ákvæði 2. mgr. gildir ekki um veiðar á deilistofnum eða stofnum sem veiðast utan fiskveiðilögsögunnar, nema ráðherra ákveði annað. Ákvæði 2. mgr. gilda hvorki um strandveiðar né frístundaveiðar.“

Fiskistofa varpar því fram hvort heppilegra væri að segja í fyrri málsliðnum, ...eða stofnum sem veiðast eingöngu utan fiskveiðilögsögunnar.....

Í 2. mgr. er fjallað um svo kallaðan VS afla. Fiskistofa bendir á að frístundabátar skv. 2. tl. 2. mgr. 24. gr. þurfa að hafa krókaafلامark/aflamark og eru að því leyti sambærilegir við aðra báta sem þurfa að hafa aflaheimildir. Fiskistofa vill því vekja máls á því hvort ekki sé eðlilegt að frístundabátum verði heimilt að landa afla sínum sem VS afla.


31. gr. Hámarksaflahlutdeild

Í greininni er fjallað um hámarksaflahlutdeild. Þar segir í lokamálsgrein að ákvæði greinarinnar gildi ekki um deilistofna. Vakin er athygli á því að ekkert er kveðið á um utanlögsögutegundir. Samkvæmt gildandi lögum er þessu farið á þann veg að reglan gildir um deilistofna en ekki tegundir sem einungis veiðast utan lögsögunnar.

Bráðabirgðaákvæði VI.

Fiskistofa vill vekja athygli á því að ekki er kveðið á um hvað á að gera við aflaheimildir þeirra skipa sem ekki er óskað eftir flutningi fyrir innan frestsins

F. h. Fiskistofu



Eyþór Björnsson
fiskistofustjóri